

Fundargerð aðalfundar Þroskaþjálfafélags Íslands

Fimmtudaginn 28.05.2026 kl.17:00 var aðalfundur Þroskaþjálfafélags Íslands haldinn í

Borgartúni 27, 2. hæð, 105 Reykjavík

1. Fundur settur: Laufey Elísabet Gissurardóttir formaður ÞÍ setti fundinn og bauð alla fundargesti velkomna, bæði í streymi og á fundarstað. Hún greindi frá að fimmhundraðasti fundur stjórnar ÞÍ frá uppafi var nýlega haldinn. Einnig að auk venjubundinna aðalfundarstarfa yrðu niðurstöður könnunar á ofbeldi í starfi þroskaþjálfara kynntar sem og stefnumótun félagsins til 2035. Fram kom í máli formanns að öll [aðalfundargögn](#) væru á heimasíðu félagsins auk skýrslu stjórnar. Laufey lagði til að starfsmenn fundar yrðu

Jóhanna Lilja Ólafsdóttir, fundastjóri.

Gerður Pálsdóttir og Herdís Hersteinsdóttir, fundarritarar.

Tillaga um starfsmenn fundarins var samþykkt af öllum fundarfólki í sal og í streymi.

2. Skýrsla stjórnar lögð fram

Formaður ÞÍ fór yfir [skýrslu stjórnar](#) fyrir tímabilið 2025-2026. Fram kom meðal annars í máli Laufeyjar að árið 2025 var haldið upp á 60 ára afmæli ÞÍ með margvíslegum hætti. Hún fór yfir hlutverk stjórnarmeðlima og tenglahlutverk þeirra bæði gagnvart ráðum og nefndum innan félagsins og einnig gagnvart Þroskahjálpi og erlendu samstarfi. Fjallað var um mikilvægi trúnaðarmanna innan félagsins en þeir eru yfir 30 um allt land og tryggja tengingu við grasrót félagsins. Í skýrslu stjórnar er fjallað um verkefni ráða og nefnda og nefndi Laufey sérstaklega útgáfu Þroskaþjálfans 18. maí síðastliðinn á afmælisdegi félagsins sem útgáfuráð gaf út. Hlutverk skrifstofu ÞÍ er fjölbreytt. Þar koma til kjara- og réttindamál félagsmanna og ráðningarsamningar. Ýmis ráðgjöf er veitt, til dæmis vegna starfsmats hjá Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum og vinna við kjarasamningsgerð og stofnanasamninga. Laufey sagði nýlega hafi verið gerðir stofnanasamningar við 14 framhaldsskóla ásamt því sem unnið sé að stofnanasamningum við Ráðgjafar- og greiningarstöð og Sjónstöðina svo eitthvað sé nefnt. Áhersla er nú á 7. greinar vinnu, sem kom inn í kjarasamninga árið 2016. Í þessu ákvæði fólst að jafna ætti laun milli markaða. Vinna hefur verið í kringum þetta ákvæði í 10 ár og ýmislegt komið út úr þeirri vinnu. Það síðasta var áfangasamkomulag sem nýlega var undirritað varðandi þekkingarstig í starfsmati og á við um þroskaþjálfara í leik- og grunnskólum. Búið er að samþykkja að leiðrétt

verður frá 1. apríl 2025 og á þetta ákvæði við um þroskaþjálfar og iðjuþjálfar vegna lengingar námsins. Stór hópur félagsfólks fellur undir þessa leiðréttingu.

Anna Lilja, framkvæmdastjóri ÞÍ, bætti við að þessi leiðrétting kemur ekki til vegna starfa sem krefjast meistaraþráðu. Fram kom einnig að þegar þetta er frágengið þá muni félagið krefjast þess sama fyrir þroskaþjálfar hjá Ás styrktarfélagi.

Tíu stjórnarfundir voru á árinu. Þí tekur þátt í 1. maí göngunni árlega og þó nokkuð margir þroskaþjálfar sem mættu og gerðu fagstéttina sýnilega. Stór hópur þroskaþjálfar fór á heimsráðstefnu þroskaþjálfar í Danmörku á afmælisárinu. Ráðstefnuna sátu þroskaþjálfar frá yfir 30 löndum og var Ísland fjölmennasta þátttökupjóðin með 180 einstaklinga. Tilkynt var að næsta heimsráðstefna yrði haldin 19.-22. maí 2029 á Íslandi. Laufey greindi frá að búið sé að panta Hörpu fyrir ráðstefnuna, gert hefur verið auglýsingamyndband og samstarfssamningur veður gerður við þroskaþjálfabrautina í HÍ um samvinnu. Nýtt verður þjónusta ráðstefnufyrirtækis sem heitir Komum við skipulag og undirbúning. Ekki hefur verið skipað í íslensku ráðstefnunefndina og lagði Laufey áherslu á að ef fólk vill bjóða fram krafta sína þá eigi það að hafa samband við félagið.

Stefnumótunarvinna hefur átt sér stað eftir fræðsludaga félagsins og verður kynnt undir liðnum önnur mál. Þí stendur fyrir útskriftarathöfn þroskaþjálfanema sem ljúka 60 eininga viðbótardiplómu til starfsleyfis. Fram kom hjá formanni að þessi tenging við nýja þroskaþjálfar sé mikilvæg tenging við félagið. 2. október var móttaka á Bessastöðum í tilefni 60 ára afmælis ÞÍ og var þar eftirlifandi stofnendum félagsins ásamt fyrrverandi formönnum veitt gullmerki félagsins af Höllu Tómasdóttur, forseta Íslands. Sama dag var afmælisþing félagsins var haldið í Gamla bíói. Laufey minntist á erlent samstarf félagsins en félagið er aðili að NFFS og AIEJI. Félagið tók þátt í umsögn til Alþingis vegna áforms um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og eru eitt þriggja félaga innan BHM sem sitja fund á morgun vegna málsins í ráðuneyti.

Óskað var eftir spurningum úr sal og af neti tengdum skýrslu stjórnar en engar bárust.

3. Skýrsla gjaldkera: Steinunn Jónsdóttir gjaldkeri félagsins lagði fram endurskoðaða reikninga félagsins. Um er að ræða þrjá aðskilda reikninga, [Vísindasjóð](#), [Kjaradeilusjóður](#) og [Ársreikningur ÞÍ](#). Farið var yfir hvern reikning fyrir sig. Óskað var eftir spurningum úr sal og streymi um Vísindasjóð en engar bárust. Varðandi Kjaradeilusjóð barst spurning um hversu mikið fé sé í Kjaradeilusjóði núna og í svörum kom fram að ekki hafi verið tekið úr sjóðnum síðan 2015 þegar síðast var verkfall. Í sjóðnum núna eru 50 milljónir 638 þúsund krónur. Lagt er inn í kjaradeilusjóð á hverju ári og sett í fjárhagsáætlun.

Spurning barst úr sal í hverju tekjuaukning milli 2024 og 2025 fælist. Í svari kom fram að kjarasamningsbundnar hækkanir launa hafi áhrif á innkomu félagsgjalda sem og vextir á reikningum félagsins. Ákveðin fjölgun hefur orðið á félagsfólki þó hún sé ekki mikil. Á tímabilinu sem spurt er um áttu sér stað afturvirkar hækkanir þar sem 40% félagsmanna fékk kjarabætur. Í dag eru félagsmenn að nálgast átta hundruð. En stéttin er einnig að eldast og jafnvel stórir aldurshópar að detta út af vinnumarkaði. Stór hópur, um 50 einstaklingar, eru þó að útskrifast úr HÍ í ár. Óskað var eftir nánari upplýsingum um fjölda félagsmanna og stéttarfélagsaðild hafa 772, 12 eru með fagaðild. 746 konur eru í félaginu og 54 karlar.

Spurning úr sal barst um Borgartún 6 og kostnað vegna þeirrar eignar. Þí flutti úr húsnæðinu árið 2024 vegna myglu. Þí á 4,58% í húsfélagi BHM í Borgartúni 6. Búið er að gera við húsnæðið og það er ákveðin kostnaður við að halda húsnæðinu við. Markaðurinn er erfiður og ekki tekist að selja eignarhlutinn. Einnig hefur verið reynt að koma húsnæðinu í leigu. Eins og staðan er núna er bæði verið að borga leigu fyrir Borgartún 27 og svo kostnað og viðhald vegna Borgartúns 6.

Kosið var um ársreikning Þí og reikningurinn var samþykktur af meirihluta félagsmanna í sal og í streymi. Enginn var á móti.

Kosið var um ársreikning Vísindasjóðs og telst reikningurinn samþykktur af meirihluta félagsmanna í sal og í streymi. Enginn var á móti.

Kosið var um ársreikning Kjaradeilusjóðs og telst hann samþykktur af meirihluta félagsmanna í sal og í streymi. Enginn var á móti.

4. Lagabreytingar: Guðlaug Valgeirsdóttir og Katrín Eyjólfsdóttir kynntu tvær tillögur að [lagabreytingum](#).

Fyrri breytingartillagan fjallar um 2. málsgrein 3. greinar laga félagsins um atkvæðisrétt þroskaþjálfar sem komnir eru á lífeyri/eftirlaun. Tillaga kjörnefndar er eftirfarandi: Þroskaþjálfar sem fá lífeyri/eftirlaun halda félagsréttindum en greiða ekki félagsgjöld. *Þeir hafa tillögurétt og málfrelsi en hvorki atkvæðisrétt né kjörgengi*. Óskað var eftir spurningum úr sal og Anna Lilja minnti á að í fyrra hafi í rafrænum kosningum í stjórn félagsins þroskaþjálfar á lífeyri/eftirlaunum haft atkvæðisrétt. Mikilvægt hafi verið að breyta þessu.

Lagabreytingin var borin fyrir fundinn og var samþykkt af meirihluta félagsfólks í sal og í streymi. Enginn var á móti.

Seinni breytingartillagan fjallar um orðalag í lagatexta félagsins út frá kynjaorðræðu. Ekki eru hér lagðar til efnislegar breytingar heldur orðnotkun eingöngu. Laganefnd hafði lög annarra stéttarféлага til samræmis og felst breytingartillagan í því að breyta orðinu félagsmenn yfir félagsfólk í öllum lagatextanum og breyta setningu málfræðilega í samræmi ef þörf er á. Hún tekur til greina 7. og 8., 10.2., 10.5., 10.6., 10.7, 12. og 16.

Óskað var eftir spurningum og umræðu úr sal. Fram kom hjá fundarfólki að tillagan væri tímabær og góð.

Lagabreytingin var borin fyrir fundinn og var samþykkt af meirihluta félagsfólks í sal og í streymi. Enginn var á móti.

Kosið var um lögin í heild sinni með þessum breytingum og voru þau samþykkt af meirihluta félagsfólks í sal og í streymi.

Kosning í stjórn, nefndir og ráð: Jóhanna Lilja kynnti [tillögur nefndarinnar í stjórn, ráð og nefndir](#) fyrir hönd kjörnefndar. Laufey E. Gissurardóttir gaf kost á sér til áframhaldandi setu sem formaður ÞÍ. Særún Ósk Böðvarsdóttir og Steinunn Jónsdóttir létu af setu í stjórn félagsins og Ingunn Rán Kristinsdóttir og Áslaug Rut Kristinsdóttir gáfu kost á sér í stjórn fyrir tímabilið 2026-2028. Engin mótframboð voru og uppstilling kjörnendar var samþykkt með lófaklappi á fundinum.

Í Útgáfuráði luku Rósa Halldórsdóttir og Guðrún Benjamínsdóttir störfum, Sunna Líf Kristjánsdóttir gaf kost á sér til áframhaldandi setu næsta kjörtímabil ásamt því sem Lilja Gissurardóttir og Katarzyna Beata Kubis gáfu kost á sér fyrir kjörtímabilið 2026-2028. Engin mótframboð voru og uppstilling kjörnendar var samþykkt með lófaklappi á fundinum.

Í Fagráði luku Sara Hlín Liljudóttir, Ólöf Haflína Ingólfssdóttir og Bjarnveig Magnúsdóttir störfum en Íris Björk Ágústsdóttir, Bjarghildur Pálsdóttir og Erna Björk Ingadóttir gáfu kost á sér til starfa fyrir útgáfuráð fyrir kjörtímabilið 2026-2028. Engin mótframboð voru og uppstilling kjörnendar var samþykkt með lófaklappi á fundinum.

Í Laganefnd lét Arne Friðrik Karlsson af störfum og gaf Halla Kristín Guðlaugsdóttir kost á sér í laganefnd. Björn Finnbogason gaf kost á sér til áframhaldandi setu næsta kjörtímabil. Engin mótframboð voru og uppstilling kjörnendar var samþykkt með lófaklappi á fundinum.

Í Kjörnefnd luku Íris Björk Ágústsdóttir og Ragnhildur Þórarinsdóttir störfum og Naomi Rut Roberts og Þóra María Rögnvaldsdóttir gáfu kost á sér til starfa fyrir kjörnefnd fyrir kjörtímabilið 2026-2028. Engin mótframboð voru og uppstilling kjörnendar var samþykkt með lófaklappi á fundinum.

Skoðunarmenn reikninga eru Sigríður Rut Hilmarsdóttir og Fanney Sumarliðadóttir.

5. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram og félagsgjöld ákveðin: Anna Lilja framkvæmdastjóri ÞÍ kynnti [fjárhagsáætlun](#) fyrir næsta starfsár. Tillaga er gerð um sömu félagsgjöld og áður en tekist hefur að lækka þau og eru þau nú til samræmis við félagsgjöld hjá Visku. Fagfélagsgjöld eru 16.000 krónur. Anna Lilja fór yfir áætlaða tekjuliði, laun og tengd gjöld, húsnæðiskostnað og annan

kostnað félagsins. Fram kom í máli hennar að undir liðnum annar kostnaður falli meðal annars fyrirlestrar fyrir félagsfólk, kostnaður vegna starfsdaga eða málþings, tæknimál því tengt. Aðildarfélög BHM greiða félagsgjöld sem eru í samhengi við stéttarfélagsgjöldin og annað hvert ár greiðir ÞÍ framlag í þroskahjálp og verður næst greitt árið 2027. Stjórn vill auka framlög í kjaradeilusjóð og á þessu starfsári er tillaga um greiðslu 1.500.000 krónur í sjóðinn.

Óskað var eftir spurningum úr sal og streymi. Spurt var um hvernig félagið sjái fyrir sér með heimsráðstefnuna sem haldin verður árið 2029 en fram hefur komið að danir voru með 2 starfsmenn í vinnu við ráðstefnuna. Lögð er áhersla á samstarf við HÍ varðandi ráðstefnuna og verður skrifað undir samstarfssamning þar að lútandi 13. júní næstkomandi. Endurtekin var ósk stjórnar um að ef einstaklingar vilja vera þátttakendur í undirbúningi ráðstefnunnar þá eigi þeir að hafa samband við félagið.

Borin var upp tillaga stjórnar um að félagsgjöld séu 0,95% af heildarlaunum og var hún samþykkt af meirihluta félagsfólks í sal og í streymi. Engin var á móti.

6. Önnur mál: Tvenn mál voru á dagskrá undir þessum lið.
 - a. Niðurstöður á könnun um ofbeldi í starfi þroskaþjálfara: Laufey fjallaði um könnunina og fram kom að 10 ár eru síðan sambærileg könnun var lögð fyrir en það var þá í tengslum við ráðstefnu um ofbeldi í starfi. Það þótti orðið mikilvægt að vita stöðuna hjá félagsfólki í dag en í nýju könnuninni var einnig spurt um andlegt ofbeldi auk líkamlegs. Svarhlutfall var um 41% sem er minna en fyrir 10 árum. Fram kom að hér sé þó um ólíkt þýði að ræða og hugsanlega er skólakerfið að takast á við meira ofbeldi en áður. Góðar umræður sköpuðust um könnunina en meðal þess sem spurt var um úr sal var hvort hægt væri að sjá hvernig stuðning í kjölfar atviks sé til staðar. Það virtist af svörum sem ekki færi alltaf í gang fastir verkferlar. Einnig var því velt upp hvort fjallað væri um ofbeldi í starfi í þroskaþjálfanáminu en fram kom að það er vinnuveitanda að veita slíka fræðslu. Mikilvægt er í kjarabaráttu að geta sýnt fram á álagspætti í starfi og þar er þessi könnun á ofbeldi gott innlegg.
 - b. Stefnumótun ÞÍ 2025-2035: Jóhanna Lilja fór yfir [stefnumótun](#) félagsins til ársins 2035. Hún fór stuttlega yfir hvað fólst í fyrri stefnumótun félagsins og þar hafi margt áunnist en fyrir 10 árum hófst meðal annars vinna við að kynna störf þroskaþjálfara, gera meira úr alþjóðlegum degi þroskaþjálfara 2. október og lengingu þroskaþjálfanámsins svo eitthvað sé nefnt. Á fræðsludögum 2025 voru gagnvirkir vinnuhópar sem höfðu það hlutverk að vinna efni til að nýta til stefnumótunar. Í máli Jóhönnu Lilju kom fram að afurð vinnuhópanna

endurspegli fyrst og fremst faglegar áherslur í þjónustu við fatlað fólk en ekki stefnu fag- og stéttarfélagsins sem snýr að hagsmunagæslu, kjörum, menntun og faglegri stöðu þroskaþjálfa. Þó nýttust ákveðnar niðurstöður vel inn í mótun stefnu, atvinnu og virkni. Þar undir féllu líka réttindabarátta, menntamál, grunnmenntun og starfsþróun þroskaþjálfa ásamt áhrifum og þátttöku í stefnumótun stjórnvalda.

Í stefnumótun til næstu 10 ára er horft til fimm áhersluatriða og markmiða en yfirheiti þeirra eru, efling fagmennsku og stéttarvitundar, tryggja kjör og réttindi, efla faglega stöðu og sýnileika og styrkja samstarf við önnur fag- og stéttarfélög.

Ekki reyndust vera fleiri mál til umræðu hvorki úr sal eða streymi. Formaður félagsins Laufey E. Gissurardóttir þakkaði Jóhönnu Lilju fyrir fundarstjórn og kynningu á stefnumótun félagsins. Stefnan verður höfð að leiðarljósi í öllu starfi félagsins. Laufey þakkaði öllum þeim sem luku störfum í nefndum, ráðum og stjórn fyrir vel unnin störf og bauð nýja meðlimi í störfum á vegum félagsins hjartanlega velkomna. Einnig þakkaði hún þeim sem sátu aðalfundinn bæði í streymi og í sal fyrir þátttökuna. Laufey afhenti svo Steinunni Jónsdóttur og Særúnu Ósk Böðvarsdóttur íslenskan fugl að gjöf en þær sem létu af störfum í stjórn eftir langt og traust samstarf og fengu þær gott lófaklapp úr sal og í streymi.

Aðalfundi þí slitið klukkan 19:08.

Herdís Hersteinsdóttir
Gerður Pálsdóttir